

undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til hreppsins árlega, auk tengigjalds, við hverja tengingu.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjaldsins er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**S A M Þ Y K K T**

**um sorphreinsun á Akranesi.**

1. gr.

Akranesbær annast sjálfur eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða bæjarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Akraness.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og samþykktum bæjarstjórnar Akraness.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppokum skal koma fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt.

Húseigendum ber sjálfum að kosta uppsetningu og viðhald grinda og sorpskápa.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar Akraness grein 3.10.

#### 4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af bæjarsjóði. Þó skal notandi greiða árlegt gjald, er miðast við andvirði þeirra poka, er hann notar. Gjald þetta ákveðst árlega af bæjarstjórn og verður innheimt með fasteignagjöldum.

#### 5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjótt og stórar greinar.

Ekkert má setja í pokana, sem getur skemmt þá (t. d. óinnpökkuð glerbrot), eða sem er svo þungt, að hætt sé við að þeir rifni við flutning. Óheimilt er að setja eldfima vökva, s. s. olíu og bensín, í sorpilát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo, að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

#### 6. gr.

Allt það sorp, er eigi verður látið í sorppoka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast um sjálfir, á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

Skylt er þeim að hlíta til fulls fyrirmælum bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar um umgengni og notkun sorphauga.

#### 7. gr.

Sorphirða skal framkvæmd sem næst vikulega. Um stórhátiðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið. Við hverja tæmingu skilja sorphirðumenn eftir nýjan poka í hverri grind. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða Áhaldahúsi bæjarins. Sorphirðumenn mega ekki hnýsast í pokana eða fjarlægja úr þeim hluti.

#### 8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstaðir skulu hafa svo margar grindur sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegar. Sorphirðan tekur að sér að fjarlægja pappakassa, séu þeir margir saman og bundnir í hæfilega stór búnt.

Matstofum, kjöt- og fiskverslunum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar, ber sjálfum að annast og kosta þá aukasorphirðu.

Sorphirða bæjarins getur þó tekið að sér slík verk gegn ákveðnu gjaldi.

#### 9. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt, er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga bæjarins.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna bæjarins.

#### 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 20 000.00 nema þyngri refsing liggir við samkvæmt lögum.

Með brot á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

**11. gr.**

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til Bæjarskrifstofunnar, Kirkjubraut 8, eða til Áhaldahúss bæjarins.

**12. gr.**

Samþykkt þessi miðast við skipti á aðferð við sorphirðu frá sorptunnum í poka og skulu skipti fara fram í áföngum, samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhæiti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1975.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Dórunn Klemenzdóttir.*

**SAMÞYKKT**

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum  
nr. 359 26. nóvember 1974.

3. gr. breytist þannig:

Tölubl. 1. Í stað orðanna: „48 000 sekl“ komi: „68 000 sekl.“

Tölul. 2. Fasteignagjöld:

a. Í stað orðanna „kr. 54.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 76.00 pr. rúmm. á ári.

b. Í stað orðanna „kr. 36.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 52.00 pr. rúmm. á ári.

Breyting þessi, sem samþykkt er af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. apríl 1975.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*